

135. stjórnarfundur Nýheima þekkingarseturs
8. 6. 2022 kl. 8:30 – 10:00

Fundur settur kl. 8:30

Fundarstjóri: Þórgunnur Torfadóttir

Ritari: Hugrún Harpa Reynisdóttir

Mætt: Þórgunnur Torfadóttir, Ingunn Jónsdóttir, Eyrún Helga Ævarsdóttir, Bjarni Guðmundsson, Vilhjálmur Magnússon, Gunnar Þór Jóhannesson og Hugrún Harpa Reynisdóttir.

Fjarverandi: Kristján Sigurður Guðnason, Lilja Jóhannesdóttir, Eyjólfur Guðmundsson og Steinunn Hödd Harðardóttir

Erindi frá Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga

Bjarni fór yfir markmið og áherslur í starfsemi SASS og þar á meðal þær skipulagsbreytingar sem gerðar hafa verið á ráðgjafapjónustunni.

Afmæli Nýheima

Hugrún Harpa kynnti drög að dagskrá fyrir afmælishátíð Nýheima sem haldin verður 27. ágúst. Hugrún, Eyrún Helga og Kristín Vala hafa haldið utan um skipulagningu viðburðarins í samstarfi við húseigendur sem hafa samþykkt drög að dagskrá. Undirbúningur hefst fyrir sumarfrí og verður að mestu í höndum Menningarmiðstöðvar og Nýheima þekkingarseturs en mikilvægt er að allar stofnanir í húsinu taki virkan þátt í viðburðinum.

Önnur mál

Hugrún Harpa sagði frá heimsókn samstarfsaðila í verkefninu Sustainable. Þekkingarsetrið mun halda námskeið í tengslum við verkefnið í haust og mun stjórn og starfsfólk þeirra stofnana fá boð um þátttöku.

Hugrún sagði einnig frá námskeiðum sem haldin verða 13. og 15. júní í tengslum við tvö önnur fjölþjóðleg samstarfsverkefni, NICHE og Digital Communities. Hugrún hvatti stjórn til að deila auglýsingum um námskeiðin og benda áhugasömum á þessi áhugaverðu námskeið.

Fleira var ekki rætt.

Fundi slitið klukkan 9:45



Hugrún Harpa Reynisdóttir